

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 254/2009, um mælifræðilegt eftirlit með ósjálfvirkum vogum.

1. gr.

1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Gildistími löggildinga voga er tvö ár, nema bílavoga sem er eitt ár.

2. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Bílavogir sem öðluðust löggildingu fyrir gildistöku þessarar reglugerðar halda áður útgefnum gildistíma fram að næstu löggildingu.

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 31. júlí 2012.*

**Ögmundur Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*